

EFSTU HROSS RÆKTUÐ AF FÉLAGSMÖNNUM Á SVÆÐI
HROSSARÆKTARSAMBANDS VESTURLANDS

Hrossaræktarsamband Vesturlands veitir viðurkenningu þeim félagsmanni sem hefur ræktað hæst dæmda kynbótahross í hverjum flokki. Slík viðurkenning er veitt ár hvert.

Reglur:

Stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands velur verðlaunahafa eftir árangri.

Fullgildir félagar í deildum Hrossaræktarsambands Vesturlands sem reka starfsemi sína í hrossarækt á sambandssvæðinu geta hlotið viðurkenningu óháð búsetu og lögheimili.

Viðurkenningin skal veitt fyrir árslok ár hvert. Á hana er ritað nafn eiganda, nafn hrossins og ártal.

Heiðursverðlaunahryssu fyrir afkvæmi veitt viðurkenning.

Heiðursverðlaunahesti fyrir afkvæmi veitt viðurkenning.

Sleipnisbikarhafa fyrir afkvæmi veitt viðurkenning og heiðursmerki veitt.

Forsendur fyrir vali:

Hæsta einkunn kynbótahrossa sem hljóta fullnaðardóm í kynbótasýningu á árinu, hvar sem það var sýnt í heiminum.

Árangur þriggja efstu kynbótahrossa í hverjum flokki hryssna og stóðhesta er kynntur við verðlaunaafhendingu en ræktandi að efsta hrossi í hverjum flokki fær viðurkenningu.

Ræktendur skulu að lágmarki vera skráðir með 50% hlut við ræktun einstaklingsins.

Ekki er litið svo á að félög séu ræktendur.